

Eimskipafélag Íslands hf.

Ályktunartillögur fyrir aðalfund 2022

Hluthöfum er bent á að endanlegar tillögur stjórnar verða lagðar fram tveimur vikum fyrir aðalfund. Öll gögn vegna aðalfundar er að finna á vefsíðu félagsins: www.eimskip.com/investors

2. Staðfesting ársreiknings fyrir síðastliðið reikningsár

Stjórn Eimskipafélags Íslands hf. leggur til við aðalfund félagsins að ársreikningur fyrir árið 2021 verði samþykktur.

3. Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar á reikningsárinu 2021

Félagsstjórn leggur til við aðalfund að greiddur verði út arður vegna reikningsársins 2021 sem nemur 14,27 krónum á hlut. Nemi heildarfjárhæð arðgreiðslunnar 2,5 milljörðum króna sem samsvari um 44,0% af hagnaði ársins. Viðmiðunardagsetning arðgreiðslu verði við lok viðskipta á aðalfundardegi og arðleysisdagur¹ því 18. mars 2022 og arðsréttardagur² 21. mars 2022. Lagt er til að útborgunardagur³ verði þann 20. apríl 2022.

Greinargerð stjórnar:

Rekstrarniðurstöður félagsins á árinu 2021 voru þær bestu frá upphafi, sjóðstreymi frá rekstri var sterkt og lausafjárstaða í lok árs var mjög góð. Arðgreiðslustefnan heimilar tillögu um arðgreiðslu til hluthafa sem nemur milli 10% og 65% af hagnaði fyrra árs. Þessi tillaga er vel innan þeirra marka sem stefnan skilgreinir en stjórn félagsins leitast við að hafa samkvæmni í arðgreiðslum milli ára og endurspeglar tillagan það.

4. Tillaga um heimild til kaupa á eigin hlutum skv. gr. 11.2 í samþykktum félagsins

Stjórn félagsins leggur fram greinar tillögu um heimild til kaupa á eigin bréfum og breytingu á grundvelli greinar 11.2 í samþykktum félagsins:

„Aðalfundur Eimskipafélags Íslands hf. haldinn 17. mars 2022 veitir stjórn félagsins heimild til að eignast, í einum eða fleiri viðskiptum, allt að 10% af hlutafé félagsins. Heimild þessi skal nýtt í þeim tilgangi að koma á formlegri endurkaupaáætlun eða til þess að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup á eigin bréfum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum eða til þess að kaupa eigin bréf í einstökum viðskiptum. Heimild þessi stendur í 18 mánuði og takmarkast við að eignarhald félagsins, og dótturfélaga þess, fari ekki umfram 10% af heildarhlutafé félagsins á hverjum tíma. Endurgjald fyrir keypta hluti skal vera í samræmi við 3. mgr. 55. gr. laga nr. 2/1995. Aðrar eldri heimildir til kaupa á eigin hlutabréfum falla úr gildi við samþykkt heimildar þessarar.“

Greinargerð stjórnar:

Á aðalfundi þann 25. mars 2021 var samþykkt heimild til kaupa á eigin hlutum sem gildir í 18 mánuði frá 25. mars 2021 til 25. september 2022. Með þessari tillögu gildir heimildin til 25. september 2023. Tillaga þessi felur í sér að stjórn félagsins sé veitt almenn heimild til þess að koma á formlegri endurkaupaáætlun og/eða til þess að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup á eigin bréfum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum. Þessa heimild mætti einungis nýta að uppfylltum skilyrðum laga. Verði tillagan samþykkt mun ákvæði svo breyttrar greinar 11.2 gilda um kaup félagsins á eigin hlutum. Tilgangur endurkaupanna er lækkun hlutafjár og/eða til þess að uppfylla skuldbindingar

¹ **Arðleysisdagur** er sá dagur sem viðskipti hefjast án arðsréttinda, þ.e. næsti viðskiptadagur eftir aðalfund.

² **Arðsréttardagur** er sá dagur sem hluthafar verða að vera skráðir í hlutaskrá til að eiga rétt á arði, þ.e. annar viðskiptadagur eftir aðalfund. Þetta þýðir að hluthafar sem hafa keypt hluti á aðalfundardegi munu fá greiddan arð.

³ **Útborgunardagur** er sá dagur sem arður er greiddur út til hluthafa.

sem kunna að stofnast á grundvelli kaupréttaráætlunar félagsins sem lögð er til í tillögu nr. 6 að ofan.

Um endurkaupaáætlanir gilda ítarlegar reglur gilda um veitingu upplýsinga og framkvæmd ákveði stjórn að gera hluthöfum tilboð um kaup á eigin bréfum, þar sem hafa skal jafnræði og gagnsæi að leiðarljósi.

5. Tillaga stjórnar um lækkun hlutfjár að fjárhæð kr. 2.150.000 að nafnverði með greiðslu til hluthafa

Stjórn félagsins leggur fram eftirfarandi tillögu um lækkun hlutfjár:

„Aðalfundur Eimskipafélags Íslands hf. haldinn fimmtudaginn 17. mars 2022 samþykkir að færa niður hlutfé félagsins um kr. 2.150.000 að nafnverði með greiðslu sem nemur kr. 1.075.000.000. Fjárhæðin verður greidd út til hluthafa félagsins hlutfallslega í samræmi við hlutfjáreign þeirra í lok dags. 27. apríl 2022, ef lögboðnar forsendur eru þá uppfylltar, eða við fyrsta mögulega tímamark þar eftir þegar lögboðnar forsendur fyrir útgreiðslunni hafa verið uppfylltar.“

Þannig leggur stjórn til að grein 2.1 í samþykktum verði breytt til samræmis og a.t.t. tillögu 5 muni verða svohljóðandi verði tillagan samþykkt:

„Hlutfé félagsins er kr. 173.050.000.“

Greinargerð stjórnar:

Við uppgjör þriðja ársfjórðungs 2019 í lok nóvember var framtíðar fjármagnsskipan félagsins kynnt. Markmið félagsins er að viðhalda eiginfjárlutfalli nálægt 40% og hóflegu skuldsetningarhlutfalli sem væri 2-3 sinnum nettó vaxtaberandi skuldir á móti EBITDA. Markmiðið með þessu var að auka gagnsæi og fyrirsjáanleika og þar með auka þjónustu við fjárfesta og greinendur á markaði.

Sú staðreynd að horfur ársins 2022 eru jákvæðar og væntingar eru um áframhaldandi sterkt sjóðsstreymi a.t.t. þriggja ára fjárfestingaráætlunar, veitir svigrúm til þess að aðlaga fjármagnsskipan til samræmis við markmið. Þessi tillaga gerir ráð fyrir að félagið haldi eiginfjárlutfalli nálægt langtímamarkmiði sínu um 40%.

Hlutfjárækkunin verður framkvæmd þegar allar lögboðnar forsendur fyrir útgreiðslunni hafa verið uppfylltar.

6. Tillaga um starfskjarastefnu félagsins

Stjórn félagsins leggur til breytingar á núverandi starfskjarastefnu félagsins og að breytt stefna, sem er meðfylgjandi á sér skjali, verði samþykkt. Gildandi starfskjarastefna heimil stjórn félagsins að veita forstjóra, framkvæmdastjórn og ákveðnum fjölda annarra lykilstarfsmanna hlutabréfatengd réttindi sem hluta af starfskjörum. Þessi heimild hefur ekki verið nýtt né útfærð hingað til en með þessari tillögu er núverandi heimild útfærð nánar. Meginbreytingarnar eru á grein 7.2. í starfskjarastefnu félagsins.

Greinargerð stjórnar:

Núverandi Starfskjarastefna hefur m.a. að geyma heimildir stjórnar til að veita forstjóra, framkvæmdastjórn og öðrum lykilstarfsmönnum árangurstengdar greiðslur í formi hlutabréfatengdra réttinda. Sú heimild hefur ekki verið nýtt hingað til en með þessari tillögu er settur skýr rammi utan um kaupréttarkerfi sem samþykkt hefur verið af stjórn að fengnu álit stjórnarstjórnar. Þrátt fyrir að heimildin sem hér er lögð til taki til 1,5% af heildarhlutfé félagsins í dag, er stjórn ekki skuldbundin til þess að nýta alla heimildina og hyggst hún nýta heimildina, að hluta eða í heild, í áföngum og mun stjórn ákveða nánari útfærslu slíks.

Með kaupréttarkerfi er sett upp langtíma hvatakerfi sem ætlað að tvinna saman hagsmuni forstjóra, framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna félagsins og hluthafa þess, með kerfi sem gerir

ráð fyrir fjármagnskostnaði og leiðréttir fyrir arðgreiðslum/úthlutun og lítur þannig til jafnræðis kaupréttarhafa og hluthafa. Kaupréttarhafi hagnast ekki á kaupréttarkerfinu nema með aðgerðum sem hafa jákvæð áhrif á hlutabréfaverð til lengri tíma lítið og er kerfið þannig upp byggt að ekki er lítið til skammtímaáhrifa á gengi hlutabréfa í félaginu. Þá er gert ráð fyrir að forstjóra, meðlimum framkvæmdastjórnar og lykilstarfsmönnum sé gert skylt að halda eftir ákveðnum fjölda hluta þar til ákveðnu margfeldi af grunnlaunum er náð, þegar skattar hafa verið dregnir frá, allt til starfsloka hjá félaginu, til samræmis við 4. tölulið 1. mgr. 79. grein a. laga um hlutafélög. Kaupréttarkerfið er að öðru leyti til samræmis við tilgreinda 1. mgr. 79. gr. a. laga um hlutafélög og Leiðbeiningar Viðskiptaráðs Íslands, Samtaka atvinnulífsins og Nasdaq Iceland um stjórnunarhætti fyrirtækja, 6. útgáfu.

Eimskip er alþjóðlegt fyrirtæki, með starfsemi í 20 löndum, og eitt stærsta fyrirtæki landsins. Það krefjandi umhverfi sem einkennir alþjóðlega flutningamarkaðinn krefst þess að Eimskip sé með reynslumikla og hæfa einstaklinga í framkvæmdastjórn, sem og sterka stjórnendur og lykilstarfsmenn í öllum rekstrarfélögum samstæðunnar. Stjórn leggur áherslu á mikilvægi þess að greiða samkeppnishæf laun og að bjóða lykilstarfsfólki upp á hóflegar árangurstengdar greiðslur. Hins vegar er Eimskip ekki, og hyggst ekki verða, leiðandi þegar kemur að launakjörum stjórnenda, hvorki á Íslandi né í öðrum löndum þar sem félagið starfar.

Stjórn Eimskipafélags Íslands hf. hefur það að markmiði með tillögu að starfskjarastefnu, sem hér er lögð fyrir aðalfund félagsins, að marka félaginu raunhæfa starfskjarastefnu sem gerir félaginu fært að laða til sín starfsmenn í fremstu röð og tryggja þar með samkeppnishæfni félagsins á alþjóðlegum vettvangi að teknu tilliti til laga og reglna.

7. Kosning stjórnar félagsins

Skýrsla tilnefningarnefndar Eimskips og tillögur hennar um tilnefningu stjórnarmanna verður birt með endanlegum tillögum stjórnar til aðalfundar tveimur vikum fyrir aðalfund, eða þann 3. mars 2022. Almennur frestur skv. samþykktum til að bjóða sig fram til stjórnar rennur út 7. mars 2022 kl. 16:00. Endanlegar upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar félagsins verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfundinn, sbr. 63. gr. a. hlutafélagalaga nr. 2/1995.

8. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna, varamanna og undirnefnda stjórnar

Stjórn félagsins leggur til að stjórnarlaun vegna ársins 2022 verði sem hér segir:

Stjórnarformaður	kr. 700.000 á mánuði
Varaformaður	kr. 550.000 á mánuði
Meðstjórnendur	kr. 350.000 á mánuði
Varamenn	kr. 140.000 fyrir hvern setinn fund, þó ekki hærra en kr. 350.000 fyrir hvern mánuð
Nefndarmenn í endurskoðunarnefnd	kr. 140.000 á mánuði
Nefndarmenn í starfskjaranefnd	kr. 140.000 á mánuði
Nefndarmenn í Tilnefningarnefnd	kr. 140.000 á mánuði

Stjórnarlaun og laun nefndarmanna eru ákveðin fyrirfram fyrir kjörtímabilið.

9. Kosning endurskoðenda

Stjórn félagsins leggur til við aðalfund að PricewaterhouseCoopers ehf., Skógarhlíð 12, 105 Reykjavík, verði kjörið sem endurskoðunarfélag Eimskipafélags Íslands hf. fyrir árið 2022.